

Svör úr spurningakönnun um stöðu og stefnu FRÍ, mars 2014



Björg Ágústsdóttir, Alta, aðstoð við FRÍ

19. mars 2014.

Um könnunina

Könnunin var lögð fyrir í tengslum við umræðu um stefnumótun FRÍ. Svörin nýtast sem efniviður í stefnumótun og til að undirbúa umræður á frjálsíþróttabæpingi FRÍ sem fram fer 21.-22. mars nk. á Akureyri.

Könnunin var lögð fyrir í 2 hlutum. Dagana 8.-10. mars 2014 var hún lögð fyrir fólk í trúnaðarstörfum innan sambandsins og bárust þá 13 svör. Ákveðið var að leggja sömu könnunina fyrir fleiri aðila og var henni dreift til þjálfara og héraðssambanda dagana 13.-15. mars. Þá bárust 22 svör, skipt niður á 9 þjálfara, 10 sjálfboðaliða og 3 sem svöruðu undir formerkinu „annað“. Alls eru svörin því 35 talsins.

Mikilvægustu atriðin sem brenna á hreyfingunni, að mati svarenda, eru þessi – sett fram gróflega m.v. það vægi eða forgangsröðun sem svörin benda til:

- **Aukin samvinna og samheldni innan hreyfingarinnar**
- **Fjölgun iðkenda – aukin útbreiðsla frjálsíþróttar – betri kynning á frjálsíþróttum**
- **Öflugri stuðningur við afreksíþróttafólk**
- **Meiri fjármunir í frjálsíþróttastarfið**
- **Aukin menntun og meiri stuðningur við þjálfara**
- **Bætt aðstaða**

Umfjöllun frjálsíþróttabæpingisins um stefnu FRÍ, forgangsmál og framkvæmd, mun m.a. taka mið af þessu.

Hér á eftir eru annars tekin saman helstu skilaboðin úr svörum í könnuninni.

[Bláu svörin eru þau sem oftast voru nefnd.](#)



1. Ef þú hugsar um stöðu frjálisíþróttastarfs á Íslandi í dag, hvað finnst þér jákvæðast við það? Nefndu það allra fyrsta sem þér dettur í hug.

- Fjöldi og fjölgun iðkenda (einkum nefnt í yngri flokkum) og fjöldi efnilegra unglunga.
- Góð aðstaða, einkum var nefnd innanhússaðstaðan í Laugardal og bætt vallaraðstaða víðsvegar um landið.
- Gott starf í barnaflokkum.
- Margir góðir og metnaðarfullir þjálfarar.
- Góður árangur Anítu Hinriksdóttur og Gunnars Páls þjálfara, var nefnt af nokkrum.

2. Ef þú hugsar um hlutverk Frjálisíþróttasambands Íslands, hvað finnst þér vera meðal þess allra mikilvægasta sem FRÍ gerir eða ætti að gera? Nefndu 2-3 atriði.

- Efla frjálisar íþróttir í landinu, fjölga iðkendum og kynna frjálisar vel (útbreiðsla – gera sýnilegri)
- Vera stuðningur við félögin og stuðla að auknu samstarfi milli þeirra.
- Halda vel utan um úrvals- og afreksfólk í íþróttinni.
- Halda utan um mótahald og kröfur til móta.
- Hlúa að þjálfurum og stuðla að aukinni menntun þeirra.
- Styðja við bættu aðstöðu.
- Stefnumótun starfsins.
- Vinna í alþjóðlegum samskiptum.

3. Ef þú fengir 3 óskir uppfylltar - hverju myndirðu helst vilja breyta eða bæta í frjálisíþróttastarfi í landinu í dag? Nefndu allt að 3 atriðum og endilega skrifau það sem þér dettur fyrst í hug!

- Auka samheldni í hreyfingunni, bæta samstarf milli félaga, eyða rígg og neikvæðni í samstarfi.
- Fá fleiri iðkendur og fá meiri umfjöllun um frjálisar í fjölmiðlum.
- Auka afl hreyfingarinnar. Fá aukið fjármagn í frjálisíþróttastarf í landinu, meira fjármagn í afreksstarf.
- Auka menntun þjálfara, fá fleiri lærða „atvinnuþjálfara“.
- Bæta frjálisíþróttaaðstöðu hjá félögum.
- Bæta mótahald.

NB: Hér var nokkur munur á forgangs röðun í svörum þjálfara og annarra. Helstu óskir þjálfara fólust í aukinni menntun og færni þjálfara, fjölgun iðkenda og aukinni virkni FRÍ.

Svör annarra fólu í sér óskir um meiri samvinnu og samheldni innan hreyfingar/milli félaga, aukið afl FRÍ, m.a. með auknum fjármunum og óskir um bættu aðstöðu til æfinga og mótahalda.

4. Hlutverk og stefna FRÍ:**Hér er leitað eftir atriðum sem falla undir ÍÞRÓTTASTARFIÐ.****Hvað finnst þér mikilvægast að taka til skoðunar/umræðu/endurbóta á vettvangi FRÍ akkúrat núna?****Veldu 2-5 atriði.**

Alls svöruðu 34 þessari spurningu.

Svörin voru eftirfarandi:

Afreksstefna	23
Þjálfarar	20
Mannauður í baklandi	19
Mótahald	18
Krakkafrjálsar	17
Dómarar	11
Mannvirki	11
Almenningsíþróttir	5
Götu- og fjallahlaup	3

5. Hlutverk og stefna FRÍ:**Hér er leitað eftir atriðum sem varða STOÐSVIÐ.****Hvað finnst þér mikilvægast að taka til skoðunar/umræðu/endurbóta á vettvangi FRÍ akkúrat núna?****Veldu 2 atriði.**

Alls svöruðu 35 þessari spurningu.

Svörin voru á þessa leið:

Útbreiðsla	30
Fjármál	22
Samskiptavettvangur	14
Gildi frjálsíþróttar	12
Alþjóðastarf	7
Rannsóknir	2

6. Sum þessara atriða verða tekin til skoðunar í umræðuhópum á frjálsípróttapingi á Akureyri síðar í þessum mánuði. Hvaða 2 atriði myndir þú persónulega vilja fjalla um (í hópi) ef þú mættir velja?

Alls svöruðu 35 þessari spurningu.

Svörin voru þessi:

Afreksstefna	15
Útbreiðsla	11
Mótahald	8
Gildi frjálsíprótta	7
Samskiptavettvangur	6
Mannauður í baklandi	5
Mannvirki	5
Fjármál	4
Alþjóðastarf	0
Rannsóknir	0

7. Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri um þetta efni; spurningar, athugasemdir, hugleiðingar?

FRÍ beiti sér fyrir því að:

- Senda þjálfara um allt land, taka stöðuna á og hjálpa til við uppbyggingu frjálsra á landsbyggðinni.
- Mót og viðburðir fái meiri fjölmiðlaathygli.
- Keppni í frjálsum verði alltaf við löglegar aðstæður.
- Almennigur eigi líka greiða leið „inn í frjálsar“.
- Styrkjaúthlutun til íþróttamanna verði endurskoðuð og hlutlægum reglum beitt.

